

Skipulagsmál

Efnisleg umbun:

PYLSA OG KÓK

— Vikan ræðir við Trausta Valsson arkitekt um skipulagsmál á Íslandi



Trausti Valsson arkitekt: Skipulagsmál mjög vanrækt hér á landi.

Reykjavíkurborg er illa skipulögð. En kannski er hér bara um samræmingu að ræða. Að visu var nokkuð til sem kallað var skipulagsdeild, en starf hennar fór þannig fram að þegar þörf varð á nýjum byggingarlóðum var bara farið í næsta auða reit utan við borgina og þrjónað við. 1927 ríkti að visu mikill áhugi á skipulagsmálum og var gerð tillaga um skipulag borgarinnar innan Hringbrautar. Henni var fylgt vel eftir, en síðan tók ekkert við.

Fyrir átta árum kom ungur maður, Trausti Valsson, heim frá námi í Vestur-Berlin, en hann hafði lagt þær stund á arkitektúr með sérhæfingu í skipulagi. Og síðan hefur hann unnið að frumlegum og nýstárlegum úrlausnum á framtíðarskipulagi borgar og byggða við dræmar undirtektir forráðamanna sem því miður virðast svo oft álíta að heppilegast sé að búa svo um hnutana í skipulagningu nútíðarinnar að um framtíð sé alls ekki að ræða. Að visu komst ein tillaga hans alla leið inn í sali Alþingis, en dagaði þar að sjálfsgöðu uppi í einni af hinum frægum nefndum,

— Allt fram til ársins 1965 var ekki um neitt heildarskipulag á borginni að ræða. Að visu var nokkuð til sem kallað var skipulagsdeild, en starf hennar fór þannig fram að þegar þörf varð á nýjum byggingarlóðum var bara farið í næsta auða reit utan við borgina og þrjónað við. 1927 ríkti að visu mikill áhugi á skipulagsmálum og var gerð tillaga um skipulag borgarinnar innan Hringbrautar. Henni var fylgt vel eftir, en síðan tók ekkert við.

— Hvað tók við hjá þér eftir að þú komst heim frá námi?

— Ég hóf störf hjá Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar, aðallega við skipulag framtíðarbyggðasvæða Reykjavíkur fyrir austan og norðan Grafarvog. Þar kom ég einnig fram með brúarhugmynd, að brúa Leirvog fremst og leggja þar nýjan Vesturlandsveg. Síðan þróaðist málið á þann veg að einnig var gert ráð fyrir brú yfir Elliðaárveg, mótis við Klepp. Þetta varð til að gjörbreyta hugmyndum um skipulag á þessum svæðum.

Í fyrra fékk ég svo ársstyrk frá vísindadeild Atlantshafsbandalagsins og


hann hef ég notað til að ganga frá ýmsum hugmyndum.

— Einhverjar fleiri óvenjulegar hugmyndir í sambandi við brúargerð?


— Já. Ein þeirra er t.d. að byggja brú yfir Hvalfjörð sem myndi koma miklu fleirum að gagni en Borgarfjarðarbrúin og spara óhemju fe í bensínkostnaði. Akurunesingum hefur verið stytst leiðin með ferju, en með henni greiddi ríkið á sl. ári 45 milljónir króna. Það væri mun viturlægra að leggja þessa peninga og fyrir framtíðarláusn. En flotbrúin getur að visu ekki orðið raun

Flotbrú yfir Hvalfjörð og bær á Sprengisandi

— Trausti, hvers vegna er skipulag Reykjavíkurborgar ekki betra en raun ber vitni?





Þegar Trausti starfaði á Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar vann hann m.a. að skipulagi framtíðarbyggðasvæða borgarinnar á svokölluðu Úlfarsfellsvæði. Meðal nýstárlegra hugmynda í því skipulagi má nefna hugmyndina um nýjan Vesturlandsveg frá Alftanesi yfir Leirvog og Elliðaárveg. Við þetta læstist skipulagsstarfið úr læðingi. Einnig má nefna bátahöfn í Eilóavík og legu miðbæjarinnis við Úlfarsá og Vesturlandsveg sem tengir byggðasvæðin við Korpúlfsstaði og fyrir austan Vesturlandsveg og betur saman en ella hefði orðið.



Hugmynd úr grein sem birtist nýlega um að líklega yrði flötbrú yfir Hvalfjörðinn hagstæður tengingarkostur þegar hvalveiðitúgerð hefur lagat þar niður.

Fyrir u.þ.b. þremur árum kom Trausti fram með hugmynd sem vakti allmikla athygli. Hún er sú að í framtíðinni muni koma vegir yfir hálandið sem má halda opnum allt árið með því að tjáka yfir þá á snjóþyngstu stöðum. Þarna gæti rísið þjórnustu- og ferðamiðstöð sem gæti orðið vísir að borg undir hvoftþaki og væri vel staðsett sem miðstöð ýmissar starfsemi í landinu.



hæfur valkostur fyrr en ferðum hvalveiðiskipa er hætt um þessi svæði. Og svo var ég með hugmynd um brú yfir Skerjafjörð, en með tilkomu hennar fengist hringtenging byggðanna í kringum fjörðinn sem mundi stytta akstursvegalengdir og einfalda vega kerfið.

— Hvað með sjálfvægakerfið?
— Þar má nefna hugmynd mína um lagningu vega yfir hálandið til að stytta akstursvegalengdir um land allt. Og þegar því er lokið er eðlilegt að stefna að byggingu bæjar á Sprengisandi sem gæti orðið ágæt miðstöð ýmissar starfsemi í landinu vegna miðlægðar sinnar.

sem enn standa hefur verið stílbreytt með ýmsu móti, t.d. með nútíma gluggum. Það er ógurleg vinna og himinhar kostnaður við að reisa her heilu sviðsmyndirnar, eins og t.d. Hafnarstræti þegar Brekkukótsannáll var kvikmyndaður, og varla á ferri innlendra aðila. Þá datt mér í hug su lausn að reisa þorp á Eiðinu í Viðey sem yrði að ytra utlíti eins og gamla Reykja vík en notað sem sumarvalarstaður, þannig að þessi framkvæmd kostaði hið opinbera tiltölulega lítið. Og íslenskir kvikmyndagerðarmenn gætu farið að fást við söguleg efni frá gömlu Reykjavík.

Tillagan sem dagði uppi

— Eygir þú eitthvað með framkvæmdir á þessum hugmyndum þínum?

— Nei, það er nú lítið farið að reyna á þær. Ég hef leitað til ýmissa innlendra aðila en ekki fengið mikinn hjálpartrúnn. Þó eru þetta áætlanir sem flestar skipta miklu máli fyrir lífsákomu í þessu landi.

— Ein af hugmyndum þínum var þó borin upp sem tillaga á Alþingi?
— Já, það var tillaga um flutning á Reykjavíkflugvelli og borin fram af Guðmundi G. Þórarinnssyni og Steingrím Hermannssyni árið 1975. Þessi flugvöllur er mikið vandamafl og nær engan veginn alþjóðlegum oryggis krotum. Honum fylgir mikil hættu í sambandi við aðflug og auk þess mikil hávaðamengun. Hann stendur einnig á mjög eftirsóknarverðu landsvæði. Það komu upp hugmyndir um að flytja hann á Alftanes, en þær þóttu ekki nógu hentugar. Svo eg fór að leita að lausn sem hægt væri að setja sig við. Ég kom auga á það á sjúkoti að Skerja fjörðurinn er, eins og nafn bendir til, orgrunnur, og með sanddæluþekki mætti byggja þarna upp land með litlum tilkostnaði. Þannig yrðu aðflugs og hávaðasvæði yfir sjó, en jafnframt mætti nýta ýmsa aðstöðu á gamla flugvellinum. En þessi hugmynd komst sem sagt aldrei lengra en í eina nefndina.

Gamla Reykjavík á Eiðinu í Viðey

— Nú varst þú aðstoðar-leikmynda hönnuður við kvikmyndagerðina á Paradisheimi. Hvernig var sú reynsla?


— Já, ég sá einhverja staðar að Björn Björnsson var farinn að vinna að undirbúningi að þessu og datt í hug að það gæti verið gaman að kynna slíkum vinnubróðum. Á menntaskólaárunum höfðum við Björn unnið saman að leikmyndagerð fyrir Herranott, svo eg hringdi til hans og spurði hvort hann vantaði ekki aðstoðarmann. Þetta var afar skemmtileg reynsla. En þessi snerting mín við kvikmyndaheiminn olli því líka að mér varð ljóst að hér eru nánast engin skilyrði til að gera leikrænar myndir um horfna tíma. Alls staðar blasir nútíminn við í líki simastaura, rafmagnslína og sjónvarps lofnetna. Og þeim fáu, gömlu húsum

Ekki hægt að vinna endalaust sem áhugamaður


— Nú vinnur þú mikið starf án þess að um sé að ræða neina efnislega viðurkenningu. Kemur ekki að því að þú gefst upp og leitar eitthvert annað?

— Það er nú ekki alveg rétt að eg hafi aldrei fengið neina efnislega viðurkenningu. Eg fékk nefnilega einu sinni þylsu og kók frá sjoppueiganda nokkrum sem ég hafði verið innan handar með að finna hentugi umhverfi


Þessa tillögu að skipulagi núverandi flugvallarsvæðis setti Trausti fram þegar hugmynd hans um nýjan flugvöll á Lönguskerjum var flutt sem þingsályktunartillaga á Alþingi.



Á þessari teikningu koma fram meginatriðin í mörgum blaðgreinum Trausta um skipulagsmál. Í fyrsta lagi er það brúin yfir Skerjafjörðinn sem væri rökrétt skref í þeirri stefnu að þetta byggðina á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Með brúnni kæmist á hringtenging byggðanna við Skerjafjörðinn sem t.d. myndi stytta leiðina frá Alftanesi til Reykjavíkur um 10 km. Í öðru lagi er það lausn á vanda Reykjavíkurflugvallar með að byggja annan flugvöll á uppfyllingu á Lönguskerjum og í þriðja lagi fengist gott byggingaland á núverandi flugvallarsvæði fyrir um 12 þús. íbúa sem þyrftu þá ekki að flytjast austur fyrir Elliðaár.



Eitt af því sem hrjár íbúa höfuðborgarsvæðisins hvað mest er rökkið. Þetta er ekki hvað síst vegna þess að byggðin er að mestu á nesjum og því mjög opin fyrir köldum vindum af hafi. Myndin sýnir drög að skjólmyndunarkerfi úr netum og trjábeltum. Með því að búa til ástun um slíkt kerfi, sem framkvæmt yrði í áföngum, mætti án efa bæta veðurfar í borginni mjög því að þar sem skjól hefur verið mynduð hækka hitastigið einnig. Samræma mætti þetta kerfi hljóðvörum við hraðbrautir og sjónarmiðum við tilhögun byggðar. Mestan hlut í þessu ættu þó trjábelti og væri því ekki illa til fundið að svona ástun yrði gerð nú, á ári tréans.





Það er skýrtin staðreynd að yfir skjáhalunni yfir borginni er glepandi sólskin hvorn einasta dag ársins. Í þessari fantasíu-hugmynd er þeirri spurningu varpað fram hvort uppstreymi í svona „strompi“ gæti hugsanlega rafið gat á skjáhalunna og þar með fjlgjað sólardögum í Reykjavík.

PYLSA OG KÓK!

fyrir starfsemi sína! Eg verð að jata að mér hlýnaði þó nokkuð um hjarta ræturnar og fannst sem ég hefði sjaldan smakkað þvillian veislukost. Annars hef ég lítið hugað um peninga í þessu sambandi. Þetta er það svið sem ég hef lært til verka á og er þar að auki mitt aðaláhugamál. Hins vegar er a.veg ljóst að það er ekki hægt að vinna endalaust að jafnvæðri verkefni sem áhuga maður. Og þó að umhverfis- og skipulagsmál séu mjög vanrækt hér er þeim mikið sinni erlendis og í flestum öðrum löndum eru starfandi mjög athyglis verðar stofnanir sem sjá um slíkt. Mér finnst því óneitanlega freistandi að fara og kynna þessu starfi hjá öðrum þjóðum og er reyndar með nokkur áform um það.

Trausti hefur unnið að morgum fleiri nýstárlegum hugmyndum en þeim sem



hér eru upptaldar, t.d. þéttingu byggðar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, byggingu miðbæjar við Úlfarsá og ævintýrlegum úrbótum á lofslagi í Reykjavík.

JD

Það er einkennileg tilviljun að landshöttum á Eilönu í Viðey svipar mjög til upphaflegra landshatta á eilönu í Reykjavík þar sem miðbærinn stendur nú. Inn á þessi kort er færð Reykjavík ársins 1801, en Trausti hefur gert tillögu um að gamla Reykjavík verði endurreist á Eilönu í Viðey sem sumarbústæð byggð, í tölfn 200 ára afmælis borgarinnar 1986. Hér gæfist ómetanleg aðstaða til kvikmyndgerðar.

Sundið á milli Gufunes og Viðeyjar er mjög grunnt og yrði því ódýrt að reisa þar göngubrú. Ekki er að efa að borgarbúum þætti gott að geta farið í gönguferðir út í Viðey.

